

STE-0092

## Arðgreiðslustefna

### 1. Inngangur

Í lögum um Landsvirkjun segir að arðgreiðslur fyrirtækisins skuli ákveðnar með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. Almenn eigendastefna ríkisins leggur áherslu á að félög í eigu ríkisins horfi til langtímasjónarmiða um uppbyggingu og rekstur og tryggja fullnægjandi viðhald tekjumyndandi eigna. Eigendastefnan leggur einnig áherslu á að félög í eigu ríkisins skili viðunandi arðsemi, að þau greiði ríkissjóði eðlilegan arð af því eigin fé sem bundið er í félögunum og setji sér vel skilgreind markmið um fjármagnsskipan.

Arðgreiðslustefna gerir væntar arðgreiðslur Landsvirkjunar og áhrif þeirra á fjárhagslegan styrk fyrirtækisins fyrirsjáanlegar. Arðgreiðslustefnan er því mikilvæg í samskiptum við annars vegar eiganda fyrirtækisins og hins vegar lánveitendur og matsfyrirtæki vegna fjármögnunar þess.

Stjórn Landsvirkjunar hefur arðgreiðslustefnuna og stefnu um fjármagnsskipan til hliðsjónar þegar hún gerir tillögu til aðalfundar fyrirtækisins um arðgreiðslu.

Arðgreiðslustefna Landsvirkjunar er sett af stjórn fyrirtækisins að fenginni tillögu frá forstjóra.

### 2. Gildissvið

Arðgreiðslustefna þessi gildir um tillögur stjórnar Landsvirkjunar um arðgreiðslur fyrirtækisins, sbr. viðauka 3 við eigendastefnu ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins og lög um Landsvirkjun nr. 42/1983, ásamt síðari breytingum.

### 3. Hugtakaskilgreiningar

Á ekki við.

### 4. Stefna

Arðgreiðslustefna þessi segir til um hver árleg fjárhæð arðgreiðslu geti verið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Stofn fyrir arðgreiðslu er handbært fé frá rekstri nýliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla miðast við hlutfall (H) af stofni sem er breytilegt eftir fjárhæð fjárfestinga. Viðmiðið er fengið á eftirfarandi hátt:

**Viðmið arðgreiðslu = Handbært fé frá rekstri x H**

Gildi H er ákvarðað á eftirfarandi hátt:

H = 50% ef fjárhæð fjárfestinga næstu ára er að jafnaði há

H = 70% ef fjárhæð fjárfestinga næstu ára er að jafnaði lág

Við ákvörðun arðgreiðslu hvers árs skal stjórn horfa til rekstrarafkomu Landsvirkjunar, fjárfestingaþarfar til næstu ára og markmiða um að viðhalda traustri fjárhagsstöðu félagsins. Útgreiðsluhlutfall er breytilegt eftir umfangi fyrirhugaðra fjárfestinga, þannig að hlutfallið er lægra þegar fjárfestingarþörf er mikil en hærra þegar fjárfestingar eru minni og fjárhagsleg staða sterk. Arðgreiðslur skulu jafnframt taka mið af stefnu um fjármagnsskipan. Stjórn getur vikið frá stefnunni ef hún metur aðstæður með þeim hætti.

**5. Mælikvarðar**

Á ekki við.

**6. Innleiðing**

Stjórn Landsvirkjunar gerir tillögu um arðgreiðslu á aðalfundi fyrirtækisins og skal fjárhæð hennar vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í kafla 4 að ofan.

**7. Upplýsingagjöf**

Arðgreiðslustefnan skal vera aðgengileg á vef fyrirtækisins.

**8. Endurskoðun**

Stjórn Landsvirkjunar skal endurskoða arðgreiðslustefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

**9. Gildistaka**

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

21. apríl 2026

Stjórn Landsvirkjunar

By D.  
Hrólfur Jónsson  
Andri Snær Magnason  
Lind Páll  
Berglind Þorgeirsdóttir